

Verklagsreglur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um afskipti af númerslausum bifreiðum.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur með að gera umhverfiseftirlit á Vestfjörðum sbr. reglugerðir þar að lútandi. **Í reglugerð um úrgang nr. 737/ 2003 kafla 3. gr. 11 segir: kom inn ný**

„ Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um brennur, t.d. áramótabrennur o.þ.h., sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir, sbr. ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, enda sé í leyfinu kveðið á um að brennslutími miðist við tilefnið og að efni og magn sem fari í brennuna sé tilgreint.

Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. “

Í reglugerð um hollustuhætti nr 941/2002 21. gr. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslausar bifreiðar, bíflök og sambærilega hluti á almannafæri að undangenginni viðvörðun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða fylgir ákvæðinu eftir með eftirfarandi hætti:

1. Aðvörunarmiði er límdur á viðkomandi bifreið og mynd tekin til staðfestingar. Tegund, litur og staðsetning er skráð og geymt í tvö ár.
2. Að jafnaði er veittur fjórtán daga frestur til þess að fjarlægja bifreiðina en hægt er að fá aukin frest hafi eigandi samband við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
3. Hirði eigandi/forráðamaður ekki um ofangreinda aðvörun innan gefins frests sendir Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sveitarfélaginu lista yfir þá bíla sem fjarlægja á. Bæjarfélagið tekur bílana í sína vörslu.
4. Eftir að bifreið er fjarlægð er hún geymd í átta vikur og getur eigandi leyst hana út með greiðslu áfallins kostnaðar. Ef bifreiðar er ekki vitjað innan átta vikna er henni fargað.
5. Eigandi bifreiðarinnar skal greiða þann kostnað sem af framkvæmdinni hlýst.

Athuga þarf að bílar í vörslu eru á ábyrgð sveitarfélags. Portið eða skemman sem bílarnir eru geymdir í þarf að vera mannhelt og læst. Kæra þarf skemmdarverk sem unnin eru til lögreglu sem innbrot. Ef tryggilega er staðið að vörslu eru skemmdarverk sem unnin eru á bílum ekki skaðabótaskyld.

Reglugerð nr. 805/1999 er sett með stoð í lögum nr. 7/1998. Á aðvörunarmiða er bent á að hægt sé að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til sérstakrar úrskurðarnefndar sbr. 31. gr. laganna.

Lagastoð:

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998